

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Helga-
dóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 82
10. ágúst 1936. Skipulagsskráin er þannig: 10. ágúst

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar sál. Helgadóttur frá Stóra-Lambhaga,
sem andaðist 12. marz 1917.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Guðrúnar Helgadóttur“.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður árið 1917 með gjöf, er undirritaður gaf til minningar um hina látnu eiginkonu sína. Upphæð sjóðsins var 1. jan. 1935 kr. 6389,85.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa bæjarfógetinn í Hafnarfirði sem formaður og meðstjórnendur prestar safnaðanna í Hafnarfirði. Ræður stjórnin gjaldkera fyrir sjóðinn og úrskurðar öll þau málefni, er sjóðinn varða, þar á meðal, hverjum skuli veita styrk úr honum samkvæmt framkomnum umsóknum, og ákveður upphæð styrksins til hvers umsækjanda um sig og gefur gjaldkeri jafnframt fyrirskipun um að greiða hann af hendi til hlutaðeiganda.

4. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum, ábæitum, sem og minningargjöfum um látna menn og konur frá öllum þeim, er vilja efla vöxt hans og styðja tilgang hans.

Gjaldkeri skal halda skrá yfir allar minningargjafir um látna menn, þar sem getið sé dánardags þeirra o. fl., ef óskað er.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að styrkja fátæk og vanheil börn, sem heima eiga í Hafnarfirði og Garðahreppi, til sumardvalar í sveit, þau, sem af lækni er talin slík dvöl nauðsynleg þeim til heilsubótar.

6. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum ber að stíla til stjórnar hans, sem veitir styrkinn að því leyti, sem til brekkur, gegn vottorði hlutaðeigandi læknis um, að barnið sé á framfæri fátækra foreldra eða fösturforeldra, sem eigi hafi efni á að kosta sumardvöl þess í sveit, en heilsu barnsins sé það nauðsynlegt sökum kirtlaveiki, blóðleysis eða annara kvilla, sem leitt geti af sér berklaveiki.

Hlutaðeigandi læknir semji og undirriti umsóknina fyrir barnsins hönd.

7. gr.

Úr sjóðnum skal ekkert fé greiða nema það, sem nauðsynlegt er vegna sjóðsins sjálfs, svo sem prentunarkostnað, ritföng, þóknun til gjaldkera og því um líkt, þangað til hann er orðinn 5000 — fimm þúsund — krónur; þá má veita úr honum árlega allt að $\frac{1}{2}$ ársvöxtum til umsækjenda, er verðugir þykja, sbr. 5. og 6. gr. Þegar sjóðurinn er orðinn 10000 — tíu þúsund — krónur, má verja allt að $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxta til styrkveitinga.

Einn fjórða hluta ársvaxta og árleg innlög í sjóðinn má aldrei skerða til styrkveitinga, heldur leggjast þær upphæðir við höfuðstólinn, að svo miklu leyti sem ekki þarf að nota þær til reksturs sjóðsins, eins og fyrr segir í þessari grein.

Þóknun til gjaldkera má þó aldrei fara fram úr 5% — fimm af hundraði — af tekjum sjóðsins öðrum en vaxtatekjum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikning sjóðsins. Henni ber enn fremur að varðveita bækur sjóðsins, verðbréf og önnur skilríki, á tryggum og eldtraustum stað.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og ber gjaldkera að gera reikning yfir tekjur hans og gjöld árlega fyrir janúarmánaðarlok.

Reikning sjóðsins skal stjórn hans endurskoða og úrskurða og láta birta hann í víðlesnu dagblaði.

10. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Hafnarfjarðar eða annari tryggri peningastofnun.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi 1. ágúst 1936, og er með henni úr gildi fallin skipulagsskrá sú, er samin var fyrir sjóð þennan árið 1918.

12. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Staddur í Hafnarfirði, 14. júlí 1936.

Guðmundur Ólafsson
(stofnandi sjóðsins).